

Efnisyfirlit reglugerðar.

Kaflar (titles):

I. Almenn atriði. Tilgangur, gildissvið, skilgreiningar og skyldur skráningaraðila.

II. Flokkun. Skyldur framleiðenda og innflytjenda til þess að ákvarða hættuflokkun efna út frá gefnum forsendum.

III. Merking. Upplýsingar sem fram skulu koma á merkimiða, gerð og útlit merkimiða. Að auki ákvæði um undanþágur frá merkingu, sérstakar merkingar og fullyrðingar, sérefnaheiti, val á táknum og fullyrðingum. Uppfæra skal merkingu efnis eða efnablöndu strax ef breyting leiðir til meiri hættu. Annars innan 18 mánaða frá breytingu.

IV. Umbúðir. Umbúðir skulu vera nægilega sterkar, öruggar og útlit þeirra skal vera fráhrindandi og ekki villandi fyrir notanda.

V. Samræmd flokkun og flokkunarsafn.

VI. Ýmislegt.

Viðaukar (annexes):

I. Forsendur fyrir flokkun og merkingu (bls. 36-140). Forsendur eru í samræmi við GHS og að einhverju leyti frábrugðin skilyrðum í núgildandi reglugerð. Lágmarksskilyrði fyrir flokkun hreinna efna breytast óverulega. (Forsendur flokkunar og merkingu efnablandna taka mið af því að ekki er víst að prófanir hafi verið framkvæmdar á blöndu eða einstökum innihaldsefnum.) Í viðaukanum er gert grein fyrir atriðum sem varða flokkun á efnablöndum eins og sérfræðimat, sönnunarvægi, margföldunarþáttur og lágmarksviðmið.

II. Sérstakar reglur um merkingu (bls. 141-145). Viðbótarmerkingar sem fylla í skörðin vegna misræmis milli gamla merkingakerfisins og GHS. Einnig áþreifanlega viðvörðun og öryggislok.

III. Hættufullyrðingar (bls. 146-209). Listi yfir hættufullyrðingar og undir hvaða hættuflokk þær tilheyra.

IV. Varnaðarfullyrðingar (bls. 210-324). Listi yfir varnaðarfullyrðingar og hvenær skuli nota þær.

V. Hættutákn (bls. 325-328). Hættutáknin sýnd ásamt viðeigandi hættuflokkum.

VI. Samræmd flokkun efna (bls. 329-1351). Fyrsti hluti inniheldur skýringar með efnalistum og í öðrum hluta er gert grein fyrir þeim gögnum sem fylgja eiga með tillögu um samræmda flokkun.

VI.3. Samræmd flokkun – efnalisti (bls. 340-1351). Viðaukinn inniheldur lista með samræmdri flokkun þeirra efna sem þegar hafa verið flokkuð en framvegis munu aðeins fara þangað efni sem uppfylla skilyrði um samræmda flokkun efna sbr. V. kafla. Efni sem flokkuð verða upp á nýtt á vegum ábyrgðaraðila munu falla út af skrá en fara þess í stað í flokkunarsafnið, sbr. II. kafla. Gamla flokkunarskráin (viðauki I við tilskipun 67/548/EBE) er síðan birt fyrir aftan hina og mun hún gilda samhliða þeirri nýju á meðan að enn eru í gildi ákvæðin um flokkun og merkingu efnablandna.

VII. Samsvörunartafla m.v. 67/548/EBE (bls. 1352-1355).